

2 22. febr. Út af þessu er hér með samkvæmt lögum nr. 61 10. nóvember 1905 takmörk svæðis þess, sem reisa má á verzlunarhús á Niðureyju við Straumfjörð í Álftaneshreppi, sett eftir framangreindum lögum og meðlögðum uppdrætti, svo sem hér segir:

Verzlunarlóðin er um 3,2 hektarar að stærð og tekur yfir svonefnda Niðureyju við Straumfjörð. Undanskilinn er þó suðausturhluti eyjarinnar (Höllubjörg). Er sá hluti afmarkaður frá verzlunarlóðinni með grjótgarði, þar sem eyjan er mjóst.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um að eitt eintak af hinum framangreinda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps, og að hreppsnefndin láti setja og halda við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verzlunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg af náttúrunnar hendi.

3

6. jan.

REGLUGERÐ**um próf fasteignasala.**

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938 er sett eftirfarandi reglugerð um próf fasteignasala.

1. gr.

Til þess að öðlast leyfi til fasteignasölu þarf umsækjandi, auk þess að fullnægja skilyrðum 2. gr. laga nr. 47 frá 11. júní 1938, að hafa lokið prófi samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Prófið er í tveim hlutum, bóklegum og verklegum.

3. gr.

Bóklegi hlutinn.

Prófa skal umsækjanda í þeim lögum og réttarreglum, er telja má að hafi þýðingu í starfi hans sem fasteignasala.

Skal umsækjandi hafa þekkingu í þessum greinum: Helztu reglur um takmörk eignarréttar, sameign, framsal réttinda yfir fasteignum, þinglýsingar, hefð, afnotaréttindi, byggingalöggjöf, ítök, afgjaldsskyldur og veð. Ennfremur skal prófa í aðalreglum um lögræði svo og um ógildingarástæður við samninga, um umboð, veðbréf, víxla, tékka, ábyrgð og tryggingu.

4. gr.

Verklegi hlutinn.

Sá, er ganga vill undir próf, skal senda prófnefnd tvær skýrslur, þar sem skýrt skal frá helztu atriðum, er álíta má að haft geti áhrif á verð ákveðinnar fasteignar og fylgi skýrslunum útreikningur á arði af eigninni, byggður á hinum tilgreindu atriðum. Skal önnur skýrslan snerta fasteign í kaupstað, en hin í sveit.

Með skýrslunum skulu fylgja tilheyrandi fylgiskjöl, þannig að prófnefnd sé fært að leggja mat á úrlausn verkefnisins. Ennfremur skal fylgja drengskaparyfirlýsing um það, að umsækjandi hafi einn og án nokkurrar hjálpar gengið frá verkefninu. Áður en dómur er lagður á verkefni er umsækjanda skylt að gefa prófnefnd allar þær skýringar og upplýsingar viðvikjandi verkefninu, sem hún telur við þurfa.

Eftir að prófnefnd hefir athugað skýrslurnar, skal umsækjandi í sambandi við

munnlega prófið svara þeim spurningum varðandi skýrslur þessar, sem prófnefnd 3 sér ástæðu til að leggja fyrir umsækjanda.

6. jan.

5. gr.

Einkunnir.

Við prófið skal gefa þessar einkunnir: 0, 2, 3, 4, 5 og 6. Gefa skal eina einkunn fyrir bóklega hlutann og eina einkunn fyrir hvora skýrslu við verklega hlutann. Skal ákveða einkunnir að loknu hinu munnlega prófi. Til þess að standast prófið þarf að minnsta kosti 11 stig og sé þó engin einkunn lægri en 2.

6. gr.

Prófnefnd.

Í prófnefnd skulu eiga sæti þrír menn, skipaðir af atvinnumálaráðherra, sem ákveður formann nefndarinnar.

7. gr.

Þeir, er óska að ganga undir próf, skulu senda prófnefnd skriflega umsókn og skal fylgja henni fæðingarvottorð umsækjanda og vottorð tveggja valinkunnra manna, um að umsækjandi sé áreiðanlegur og samvirkusamur.

Ennfremur skulu fylgja skýrslur þær, er um getur í 4. gr., ásamt fylgiskjölum og 50 krónur í prófgjald.

8. gr.

Að prófi loknu afhendir prófnefnd umsækjanda, ef hann stenzí prófið, próf-skírteini, þar sem getið sé þeirra einkunna, er hann hefir hlotið við prófið.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

ARÐSKRÁ

fyrir Fiskiræktar- og veiðifélag Árnesinga.

4

7. jan.

Ölfusá:

1. Eyrarbyggahreppur	600	einingar
2. Hraunshverfi	130	—
3. Kaldaðarnes	185	—
4. Arnarbæli (með Ósgerði)	185	—
5. Auðsholt og hjáleiga	160	—
6. Kirkjuferja	145	—
7. Litla-Sandvík	348	—
8. Kotferja	380	—
9. Stóra-Sandvík I	87	—
10. Stóra-Sandvík II	87	—
11. Eyði-Sandvík	87	—
12. Björk	3	—